



SUMMA

Verklagsreglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Samþykkt af: Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.

Samþykkt: 20.06.2024

1. Tilgangur

Reglur þessar eru settar í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/565.

Summa Rekstrarfélag hf. (hér eftir „**Summa**“ eða „**félagið**“) er ekki aðili að skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi með fjármálagerninga, á ekki eigin viðskipti né hefur heimild til verðbréfamiðlunar, nema í tengslum við eignastýringu. Þá hefur Summa ekki starfsleyfi til að framkvæma sjálft viðskiptafyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina. Félagið beinir því fyrirmælum um viðskipti á grundvelli ákvarðana félagsins við eignastýringu til framkvæmdar hjá fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi til framkvæmdar viðskiptafyrirmæla (einnig vísað til sem „**þriðji aðili**“ eða „**samstarfsaðili**“).

Með bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla er átt við þá skyldu sem hvílir á félaginu til þess að leita allra leiða við að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptum og uppgjöri verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Summa mun leita allra skynsamlegra leiða í samræmi við lög, reglur og þessar verklagsreglur til að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu með tilliti til þess að Summa beinir fyrirmælum til þriðja aðila um framkvæmd sem byggir á ákvörðunum félagsins við eignastýringu en framkvæmir fyrirmælin ekki sjálft.

2. Gildissvið

Verklagsreglurnar gilda um fyrirmæli um framkvæmd viðskipta sem Summa beinir til þriðja aðila á grundvelli eignastýringar fyrir hönd viðskiptavina. Reglurnar gilda jafnframt um viðskipti með fjármálagerninga þegar Summa framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd sjóða í stýringu félagsins.

Verklagsreglurnar gilda um viðskipti fyrir hönd allra viðskiptavina félagsins, hvort sem er fyrir almenna fjárfesta eða fagfjárfesta. Þá gilda reglurnar einnig um viðskipti fyrir hönd verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestastjóða sem eru í umsjón félagsins. Reglurnar gilda um viðskipti með allar tegundir fjármálagerninga í skilningi 17. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Í reglum þessum er því lýst á hvaða mörkuðum félagið mun almennt framkvæma viðskiptafyrirmæli viðskiptavina sinna á grundvelli samnings um eignastýringu þegar viðskiptavinir óska ekki eftir sérstakri framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Sú stefna sem mörkuð er í reglunum skoðast í því ljósi að henni er ætlað að ná til bæði almennra fjárfesta og fagfjárfesta, allra tegunda fjármálagerninga, mismunandi markaða og mismunandi fyrirmæla. Í reglunum er því ekki tæmandi talning á öllum þeim þáttum sem Summa horfir til við framkvæmd viðskiptafyrirmæla og hvernig þau eru metin í hverju tilviki fyrir sig, heldur er með reglunum mörkuð ákveðin stefna og lagðar ákveðnar línur svo viðskiptavinir félagsins í heild öðlist yfirsýn yfir það hvernig leitast er við að tryggja bestu framkvæmd fyrirmæla þeirra.

Með „framkvæmd viðskiptafyrirmæla“ er í reglum þessum átt við það hvernig félagið sendir fyrirmæli um framkvæmd viðskipta til þriðja aðila á grundvelli ákvarðana Summu við eignastýringu einstakra viðskiptavina eða sjóða í stýringu félagsins.



SUMMA

3. Um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla

3.1. Þættir sem litið er til og vægi þeirra

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla í tengslum við eignastýringu mun félagið leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína. Það verður gert með því að framfylgja verklagsreglum þessum og ferlum á þeim byggðum sem eru hannaðir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs og eðlis viðskipta og annarra þátta sem máli skipta.

Að öllu jöfnu hafa verð og kostnaður í viðskiptum mest vægi þegar Summa leitast við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu. Þó er mögulegt að félagið meti aðstæður svo að aðrir þættir séu mikilvægari í tilteknum tilvikum. Hlutfallslegt mikilvægi hvers þáttar er breytilegt og ræðst m.a. af eftirfarandi viðmiðum:

- Eiginleikum viðskiptavinar, þ.m.t. hvort hann er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir.
- Tegund og eiginleikum fjármálagerninga sem fyrirmælin varða.
- Eðli fyrirmæla viðskiptavinar.
- Eiginleikum þeirra markaða þar sem framkvæma má viðskiptafyrirmælin.

3.2. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Hafi viðskiptavinur ekki beint sérstökum fyrirmælum til félagsins um framkvæmd viðskipta, verða viðskipti framkvæmd með fyrirmælum til þriðja aðila sem félagið hefur gert samning við um að framkvæma viðskiptafyrirmæli fyrir sína hönd á markaði. Félagið mun eingöngu gera samstarfssamninga við fjármálafyrirtæki sem hafa starfsleyfi til að framkvæma fyrirmæli um verðbréfi viðskipti á viðeigandi mörkuðum og búa yfir verkferlum sem gerir Summu kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessum reglum og lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Þá skulu samstarfsaðilar Summu hafa sett sér reglur um bestu framkvæmd fyrirmæla svo hagsmuna viðskiptavina félagsins sé gætt í hvívetna.

3.3. Besta niðurstaða miðað við aðstæður

Þrátt fyrir að Summa leiti allra eðlilegra leiða til þess að ná sem bestri niðurstöðu fyrir viðskiptavinum, miðað við þau úrræði sem til staðar eru og þær aðstæður sem starfað er við, m.a. þær að félagið framkvæmir ekki viðskiptafyrirmæli sjálf, getur félagið ekki ábyrgst að í sérhverju tilviki verði alltaf um að ræða bestu niðurstöðu.

Fari starfsfólk félagsins eftir reglum þessum í einu og öllu skal almennt litið svo á að félagið hafi fullnægt skyldu sinni um að tryggja viðskiptavinum sínum bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og 64.-66. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/565. Þá telst Summa hafa framfylgt reglum þessum um bestu framkvæmd þegar félagið sendir fyrirmæli um viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli eignastýringar til framkvæmdar hjá þriðja aðila hafi það gert fullnægjandi ráðstafanir til að velja aðila sem er líklegastur að tryggja bestu framkvæmd og hefur viðeigandi eftirlit með framkvæmdinni.

3.4. Viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd

Þegar viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskipta Skal Summa láta framkvæma fyrirmæli hans í samræmi við það. Viðskiptavinum skal gerð grein fyrir á skýran og áberandi hátt að þegar hann mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla eru líkur á að besta mögulega niðurstaða náist ekki enda sé félagið ekki skuldbundið til að gæta að öllum þeim þáttum sem taldir eru í verklagsreglum þessum til að ná bestu mögulegu niðurstöðu. Félagið skal þó alltaf hafa að leiðarljósi að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna innan þeirra fyrirmæla sem hann gefur.

Sérstök fyrirmæli viðskiptavinar um framkvæmd viðskipta aflétta ekki skyldu félagsins til að framfylgja öðrum kröfum laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, s.s. skyldu um góða viðskiptahætti.



SUMMA

4. Markaðir

4.1. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla á verðbréfamörkuðum

Þegar viðskiptavinir Summu gefa fyrirmæli um viðskipti með skráða fjármálagerninga verða slík viðskipti almennt framkvæmd á skipulögðum verðbréfamörkuðum eða markaðstorgum fjármálagerninga fyrir milligöngu verðbréfamiðlun fjármálafyrirtækja sem Summa felur að annast framkvæmd viðskiptanna.

Helstu markaðir sem Summa mun reiða sig á í viðskiptum með skráð íslensk hlutabréf, skuldabréf og hlutdeildarskírteini eru *NASDAQ OMX Iceland* og *First North Iceland*. Þá kann Summa að beina fyrirmælum um viðskipti með skráða fjármálagerninga á öðrum mörkuðum en að ofan greinir til að tryggja bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína í samræmi við reglur þessar.

Félagið velur ofangreinda leið að meginreglu þar sem verðlagning á skipulögðum markaði og markaðstorgi fjármálagerninga er gagnsæ, hraðinn við afgreiðslu viðskipta mikill, auðvelt er að átta sig á kostnaði við öflun viðskiptanna og líkurnar á því að viðskiptin komist á eru almennt miklar. Félagið sjálf er hvorki aðili að skipulögðum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga.

Við val á samstarfsaðilum við framkvæmd viðskiptafyrirmæla leggur félagið ríka áherslu á að hagsmunum viðskiptavina verði gætt.

4.2. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan markaða

Þrátt fyrir fyrirgreinda meginreglu kann félagið að meta aðstæður svo að betri niðurstaða fái fyrir viðskiptavin við framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan skipulagðra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga. Slík viðskipti kunna að vera gerð við önnur fjármálafyrirtæki, miðlara eða aðra söluaðila fjármálagerninga. Utan EES-svæðisins skal leitað til aðila sem gegna hliðstæðu hlutverki.

Sampykki viðskiptavinar við þessum verklagsreglum felur í sér almennt sampykki viðskiptavinar fyrir því að Summa framkvæmi viðskiptafyrirmæli í samræmi við verklagsreglur þessar utan skipulegra verðbréfamarkaða og markaðstorgs fjármálagerninga enda sé það í samræmi við fyrirfram skilgreinda fjárfestingarstefnu viðskiptavinarins.

5. Truflun á markaði

Verði truflun á markaði, eða starfsemi félagsins vegna atvika eins og t.d. rafmagnstruflana og bilana í tölvukerfi getur félaginu verið ómögulegt að framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þá verkferla sem lýst er í reglum þessum. Félagið mun í slíkum tilvikum, eftir bestu getu, leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína.

6. Meginreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Summa beinir fyrirmælum viðskiptavina til framkvæmdar án tafar og í þeirri röð sem þau berast, nema aðstæður séu því til fyrirstöðu eða ef talið er að hagstæðara sé fyrir viðskiptavin að fyrirmæli séu framkvæmd á annan hátt.

7. Samsöfnun pantana

Félagið getur heimilað fjármálafyrirtæki sem það kann að miðla fyrirmælum til, að safna saman pöntunum frá félaginu og pöntunum annarra viðskiptavina fjármálafyrirtækisins og/eða pantana fyrir eigin reikning fjármálafyrirtækisins, enda sé það mat félagsins að það leiði til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Félagið mun úthluta viðskiptavinum sínum úr slíkum samsöfnunum á eðlilegan og sanngjarnan máta.

Ef samsöfnuð pöntun er ekki framkvæmd á sama verði, þá reiknar félagið út það meðalverð sem fékkst í viðskiptunum við úthlutun til viðskiptavina. Að beiðni viðskiptavinar mun félagið láta í té viðeigandi upplýsingar um útreikning á meðalverði. Samsöfnun pantana getur leitt til óhagstæðrar niðurstöðu fyrir viðskiptavini í einstökum tilvikum.



SUMMA

8. Eftirlit og endurskoðun reglnanna

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á að eftirlit sé fyrir hendi með framkvæmd verklagsreglna þessara og gætir þess að starfsmenn fylgi reglunum í einu og öllu.

Reglurnar skal endurskoða reglulega og skal félagið greina hvort þær séu nægilega skilvirkar í framkvæmd. Félagið skal meta reglulega hvort þeir markaðir sem reglurnar gera ráð fyrir að verði nýttir til að framkvæma fyrirmæli leiði til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Þá skal félagið endurmeta reglulega val sitt á þeim þriðju aðilum sem félagið beinir fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til.

Félagið mun afla upplýsinga frá samstarfsaðilum sínum, sem framkvæma fyrirmæli að beiðni þess, í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina félagsins sé í samræmi við gildandi reglur um bestu framkvæmd.

Félagið áskilur sér rétt til að breyta verklagsreglum þessum einhliða. Komi til verulegra breytinga á reglunum mun félagið upplýsa viðskiptavini sína um það. Með því að birta breyttar verklagsreglur um bestu framkvæmd á heimasíðu félagsins telst það hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína gagnvart viðskiptavinum sínum samkvæmt þessu ákvæði.

9. Upplýsingaskylda

Félagið skal veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um verklagsreglur þessar um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og afla samþykkis þeirra á þeim í upphafi viðskiptasambands og áður en fyrirmæli um viðskipti á grundvelli eignastýringar félagsins eru send til framkvæmdar til þriðja aðila.

Félagið skal að beiðni viðskiptavinar geta sýnt fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við verklagsreglur fyrirtækisins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun Summa skrá niður og/eða geyma á tölvutæku formi allar upplýsingar um viðskiptavini og fyrirmæli félagsins til þriðju aðila um framkvæmd viðskipta fyrir hönd viðskiptavina.

Reglur þessar verða aðgengilegar viðskiptavinum á heimasíðu félagsins: www.summa.is

10. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við samþykkt stjórnar.

20. júní 2024

Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.